

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna Blöndulínu 3, virkjanakosta á hálendi, Sauðárkrókslínu 2 og fleiri breytinga.

Skipulagsstofnun staðfesti 19. júní 2019 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021 sem samþykkt var í sveitarstjórn 24. apríl 2019.

Breytingin tekur til Blöndulínu 3 og framkvæmda sem tengjast henni, frestunar á skipulagsákvörðunum um virkjanakosti á hálendinu, Sauðárkrókslínu 2 (jarðstrengur), niðurfellingu sorpurðunarsvæðis auk fleiri breytinga.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 19. júní 2019.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.